

Dagskrá háskólaráðsfundar 14. mars 2012
Fundarstaður: Guðmundarstofa á Bifröst kl. 14.00

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir, María Einarsdóttir, Brynjólfur Magnússon, Stefán Sveinbjörnsson, Guðmundur Ólafsson, Alma Jónsdóttir, Elísabet Guðrúnardóttir, Þórir Páll Guðjónsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Snæfríður Baldvinsdóttir, Hallur Jónasson, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Böðvar Sigurbjörnsson,

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar nr. 132
Fundargerð samþykkt með þeirri breytingu að nafni Maríu Einarsdóttur var bætt við listann yfir þá sem voru mættir.
- Öryggisefna upplýsinga og tölvumála
Kynnt og samþykkt. Ákveðið að gæðaráð og háskólaráð beri ábyrgð á því að kynna og öryggisefnuna fyrir starfsfólki og nemendum.
- Erindi til háskólaráðs
Jón Ólafsson vék af fundi undir þessum lið vegna fyrri aðkomu að málinu.
Rektor fór yfir erindi Stefaníu H. Marteinsdóttur þar sem hún óskar eftir því að fá að vita hvaða faglegu ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun sem tekin var þegar nemendum í menningastjórnun var boðið að gera viðskiptaáætlun í stað þess að taka lokapróf í umræddu námskeiði.
Ritara háskólaráðs falið að senda Stefaníu svar háskólaráðs.
- Dýrahald á Bifröst
Margar kvartanir hafa borist vegna dýrahalds á Bifröst og þegar snjóá leysir kemur í ljós að dýraeigendur virðast ekki vera duglegir að þrýfa upp eftir dýrin sín.
Tillaga um að dýrahald verði bannað á Bifröst almennt, en hægt sé að sækja um leyfi til dýrahalds sem almennt yrði leyft með því að skrá dýrin sérstaklega á svæðinu.
Ábending kom um að hægt sé að setja upp ruslatunnur fyrir dýrasaur á svæðinu til þess að hvetja fólk til að taka upp saur eftir dýrin sín.
Ákveðið að Stefán útfæri hugmyndir í þessum efnum.
- Framtíðarþingið og framhald
Rektor ræddi um framtíðarþingið og tók fram hversu vel hefði tekist til við undirbúning og framkvæmd. Nemendur stóðu sig með mikilli þriði í öllu skipulagi og þátttaka þeirra og allra sem mættu skilaði mörgum hugmyndum til framtíðar. Sérstaklega var ánægjulegt hve margir úr nærsamfélagi skólans mættu til leiks, sveitarstjórnarfólk, atvinnurekendur, eldri nemendur, íbúar í nágrenni skólans og margir aðrir.
Nú er verið að vinna úr niðurstöðum og fyrirhugaðir eru vinnufundir þar sem unnið er úr niðurstöðum og stýrihópurinn mun setja nokkra fundi og kalla til fleira fólk til að taka þátt í stefnumótuninni í smærri hópum. Drög að stefnu skólans verða svo lögð fyrir háskólaráð

Umræður fóru fram um innihald framtíðarþingsins og það sem þar var rætt og allir sammála því að vel tókst til.

- Jafnréttisnefnd
Á síðasta háskólaráðsfundi var ákveðið að skila inn tillögum að fulltrúum í jafnréttisnefnd. Nemendur tilnefndu Kristínu Þorgilsdóttur sem sinn fulltrúa. Starfsmannafundur á eftir að tilnefna sinn fulltrúa og rektor á eftir að tilnefna sinn fulltrúa. Frá því verður gengið á næsta háskólaráðsfundi.
- Miðannarmat kynning
Gæðastjóri kynnti niðurstöður miðannarmats fyrir vorönn 2012. Niðurstöður voru áður lagðar fyrir í fagráði 21. febrúar og í gæðaráði 6. mars. Miðannarmatið var lagt rafrænt fyrir nemendur í 20 námskeiðum vorannar. Eftir kynningu á niðurstöðum í fagráði var opnað fyrir niðurstöður á MySchool fyrir kennara.
- Möguleikar á númerakerfi í MySchool
Umsjónarmaður kennslukerfa kom á fundinn og kynnti möguleika til þess að nota númerakerfi í stað nafna á verkefni og próf nemenda. Undanfarið hafa verið gerðar tilraunir í einu námskeiði vorannar þar sem númer eru notuð í stað nafna á verkefni. Tilraunin hefur leitt til jákvæðra viðbragðra hjá nemendum og aðstoðarkennurum. Hægt er að nota númerakerfið í skriflegum prófum á pappír. Umræður fóru fram um kosti og galla þess sem kerfið býður upp á. Háskólaráð tók ákvörðun um að taka skuli upp númerakerfi og felur fagráði að útfæra möguleika á notkun á þess í námsmati.
- Önnur mál
Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 16.00

Fundarritari Signý Óskarsdóttir